




Framvinduskýrsla grænna skuldabréfa 2021

Lánasjóður sveitarfélaga hefur sett sér það markmið að vera leiðandi í umhverfismálum og hafa samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi í allri sinni starfsemi og ákvarðanatöku. Lánasjóðurinn hvetur sveitarfélög að leggja sitt af mörkum til sjálfbærrar þróunar með því að fara í verkefni sem milda loftslagsbreytingar og hafa jákvæð umhverfisáhrif. Helsta verkfæri Lánasjóðsins til að uppfylla þessi markmið er að veita sveitarfélögum hagkvæma fjármögnun á umhverfisbætandi verkefnum sveitarfélagana með grænum lánveitingum.

Græna umgjörð Lánasjóðsins tekur á þeim verkefnum sem sveitarfélög eru ábyrg fyrir í grunnþjónustu í umhverfismálum enda eru þau lykilaðilar þegar kemur að rekstri fráveitna, vatnsveitna og hitaveitna, hirðu og meðhöndlun úrgangs auk hreinsunar á landi sveitarfélagsins. Á næstu árum standa sveitarfélögin frammi fyrir auknum lagalegum kröfum varðandi loftlagsmál, úrgangsstjórnun, innleiðingu hringrásarhagkerfis og náttúruvernd.

Meðal annars taka gildi umfangsmiklar breytingar á lögum um úrgangsmál og innleiðingu á hringrásarhagkerfis, hér á landi í byrjun næsta árs. Ljóst er að með þessari innleiðingu og lagabreytingum munu sveitarfélög landsins þurfa að endurskoða verklag og þau stjórnæki sem þau hafa hingað til nýtt sér við meðhöndlun úrgangs.

Græn vegferð Lánasjóðsins hófst árið 2019 þegar umhverfisstefna sjóðsins var samþykkt. Í framhaldinu var umgjörð grænna skuldabréfa unnin í samstarfi við Landsbankann. Græna umgjörðin byggir á alþjóðlegum viðmiðum sem ICMA hefur sett saman og byggir á fjórum grunnstoðum. Lánasjóðurinn fékk vottun á umgjörðina frá alþjóðlega vottunaraðilanum Sustainalytics í október 2019.



Verkefni sveitarfélaga sem fjármögnuð verða með grænum skuldabréfum þurfa að uppfylla þau skilyrði sem koma fram í umgjörðinni

Útgáfa grænna skuldabréfa


Eftirspurn eftir grænum lánveitingum jókst verulega á milli ára og lánaði sjóðurinn út á árinu 2021 rúmar 2.535 milljónir. Til samanburðar lánaði sjóðurinn 957 milljónir í grænar lánveitingar árið 2020, sem er 265% aukning í grænum lánveitingum á milli ára. Níu aðilar tóku græn lán hjá sjóðnum til samanburðar við fimm aðila árið áður. Til að fjármagna aukna eftirspurn eftir grænum lánveitingum þá hélt Lánasjóðurinn tvö útboð á árinu, í ágúst og október.

LSS 40 GB

Útboð í LSS40 GB var haldið í 20. október og voru seld skuldabréf í flokknum fyrir 1.158 milljónir á ávöxtunarkröfunni 0,79%. Heildartilboð voru 2.810 milljónir og tilboðsbilið 0,75% - 1,35%. Þetta skilaði sér í 0,95% útlánavöxtum til lántakenda.

Lánasjóðurinn átti í lok árs 2020 eftirstöðvar af fyrsta útboðinu í LSS40 GB um 157 milljónir sem bættust við seld skuldabréf og því var samtals útlánsfé á árinu 2021 um 1.315 milljónir. Sjóðurinn veitti lántakendum lán að fjárhæð 1.302 milljónir í græn verkefni og því er 99% af fjármagninu ráðstafað. Eftirstöðvar af LSS40 GB í lok árs 2021 er um 13 milljónir.


Grænt skuldabréf LSS40 GB



LSB 29 GB

Sökum eftirspurnar eftir óverðtryggðum lánum með föstum vöxtum ákvað Lánasjóðurinn að bjóða út nýjan lána flokkur undir grænu umgjörðinni. Útboð var haldið 18. ágúst 2021 í nýjum skuldabréfaflokki LSB 280829 GB. Seld voru skuldabréf fyrir 1.738 milljónir á ávöxtunarkröfunni 4,20%. Heildartilboð voru 2.862 milljónir og tilboðsbilið 4,03% - 4,5%.

Grænt skuldabréf LSB 29 GB



Lántakendur hafa tvo möguleikar um að velja, annars vegar lán með fjórum jöfnum afborgunum í lok lánstíma með 4,35% vöxtum og hins vegar lán með einni afborgun í lok lánstíma. Lánasjóðurinn hefur veitt lántakendum lán að fjárhæð 1.233 milljónir í græn verkefni og því er 71% af fjármagninu ráðstafað. Eftirstöðvar af LSB29 GB í lok árs 2021 er um 505 milljónir.

Lánshæf verkefni

Flokkun úrgangs

Móttöku- og flokkunarstöð sorps – 33 m.kr.

Markvissari flokkun og draga úr magni sem fer í urðun.

Áætlaður sparnaður af sorpi sem fer í urðun um 200 tonn.



Fráveitukerfi

Hreinsistöð – 63 m.kr.

Fóru áður óhreinsað en nú 95% hreinsun.

Afkastageta max 876 PE einingar.

Hreinsistöð – 53 m.kr.

Blágrænar ofanvatnslausn – Ekkert yfirborðsvatn fer í skolplagnir.

Seran notuð í uppgræðslu.

Afkastageta max 600 PE einingar.



Frárennislislagnir – 70 m.kr.

Endurnýjun skolplagna 1640 m.

Afkastageta aukin um 70 l/sek

Orkunýting

Heitavatnsöflun – 450 m.kr.

Afkastageta 800.000 tonn á ári.

Framleiðslugeta 35 L/sek af 115 °C heitu vatni.



Heitavatnsöflun – 600 m.kr.

Tenging við nýja borholu.

Lagning heitavatnslagnar 8.500m að lengd.

Framleiðslugeta jókst um 35 L/sek af 85 °C heitu vatni.

Endurnýjanleg orka

Vatnsaflsvirkjun – 60 m.kr.

Afkastageta 50- 60 L/sek.

Framleiðslugeta 73.500 MWh.



Vistvænar byggingar

Skólabygging – Svansvottuð 23 stig – 1.000 m.kr.

Áætlaður orkusparnaður 580 MWh

Áætlaður sparnaður í GHG eru 2831,2 CO2 ígildi




Vistvænar samgöngur

Göngu- og hjólastígar – 206 m.kr.

Lengd göngu- og hjólastíga 4,9 km



Fjármögnun skipt eftir verkefnum.



Viðauki I

Græn lán 2021		
Sveitarfélag	Veitt útlán	Tilgangur
Hitaveita Flúða og nágrennis	60.000.000	Endurnýjanleg orka
Skaftárhreppur	33.000.000	Flokkun sorps
Bláskógabyggð	63.000.000	Fráveitukerfi
Hrunamannahreppur	53.000.000	Fráveitukerfi
Seltjarnarneskaupstaður	70.000.000	Fráveitukerfi
Norðurorka	600.000.000	Orkunýting
Seltjarnarneskaupstaður	450.000.000	Orkunýting
Kópavogur	1.000.000.000	Vistvænar byggingar
Akureyrarbær	200.000.000	Vistvænar samgöngur
Bláskógabyggð	6.000.000	Vistvænar samgöngur
Greidd græn útlán 2021	2.535.000.000	

Staðfestingarskýrsla óháðs endurskoðanda

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. (LS)

Staðfestingarskýrsla óháðs endurskoðanda

Staðfestingarskýrsla sem veitir takmarkaða vissu um ráðstöfun lánveitinga til grænna verkefna og að framvinduskýrsla grænna skuldabréfa sem LS gefur út byggir á réttum upplýsingum hvað varðar fjárhæð lántöku og lánveitinga í viðeigandi græn verkefni.

Ályktun

Við höfum yfirfarið ráðstöfun LS í lánveitingar til grænna verkefna á árinu 2021 og að framvinduskýrsla grænna skuldabréfa sem LS gefur út byggir á réttum upplýsingum hvað varðar fjárhæð lántöku og lánveitinga í viðeignandi græn verkefni samkvæmt grænni umgjörð LS, eins og lýst er á bls. 3 - 6 í framvinduskýrslu grænna skuldabréfa lánasjóðsins.

Byggt á þeim aðgerðum sem framkvæmdar voru og þeim gögnum sem var aflað, er ekkert sem komið hefur fram sem bendir til þess að lánveitingar til grænna verkefna séu ekki í öllum meginatriðum í samræmi við græna umgjörð LS sem birt er á heimasíðu lánasjóðsins og að framvinduskýrsla grænna skuldabréfa sem LS gefur út byggir ekki á réttum fjárhæðum hvað varðar lántökur og lánveitingar til grænna verkefna á árinu 2021 eins og lýst er á bls. 3 - 6. í framvinduskýrslu grænna skuldabréfa.

Markmið og umfang vinnu

Markmið staðfestingarvinnu okkar felur í sér skoðun á útgefnum grænum skuldabréfum og ráðstöfun þeirra í lánveitingar til grænna verkefna á árinu 2021 í þeim tilgangi að gefa niðurstöðuskýrslu sem felur í sér takmarkaða vissu um að framvinduskýrsla grænna skuldabréfa sem LS gefur út byggir á réttum upplýsingum hvað varðar fjárhæðir lántöku og lánveitinga í viðeigandi græn verkefni eins og lýst er á bls. 3 - 6.

Við höfum yfirfarið að framvinduskýrsla grænna skuldabréfa LS fyrir árið 2021 er byggð á réttum upplýsingum varðandi lánveitingar ársins til grænna verkefna í samræmi við græna umgjörð LS og að fjárhæð lántöku er í samræmi við útgefin skuldabréf í flokkum LSS04040 GB og LSB 280829 GB eins og lýst er á bls. 3 - 6 í framvinduskýrslu grænna skuldabréfa.

Grundvöllur ályktunar

Við höfum framkvæmt skoðun okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISAE 3000 sem á við um staðfestingarvinnu aðra en endurskoðun og könnun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) eða alþjóðlega könnunarstaðla (ISRE). Markmið staðfestingarvinnunnar er að veita takmarkaða vissu. Ábyrgð okkar samkvæmt staðlinum er lýst nánar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda*.

Aðgerðir

Við höfum beitt faglegu mati og viðhaft faglega tortryggni í gegnum skoðunina í samræmi við ISAE 3000, siðareglur og óháðisreglur.

Skoðun okkar samanstóð m.a. af eftirfarandi:

- Að bera kennsl á og meta áhættuna á verulegum rangfærslum á framsetningu upplýsinga um útgáfu skuldabréfs og ráðstöfun þess til grænna verkefna eins og lýst er á bls. 3 - 6 í framvinduskýrslu grænna skuldabréfa, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, að hanna og framkvæma staðfestingarvinnu sem nær yfir skilgreinda áhættu og afla staðfestingargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja ályktun okkar á. Meiri hætta er á að verulegar skekkjur vegna sviksemi uppgötvist ekki heldur en skekkjur vegna mistaka þar sem sviksemin er hönnuð til þess að komast ekki upp, m.a. með ólögum samráði, fölsunum, vísitandi gáleysi, rangfærslum eða sniðgöngu stjórnenda á innra eftirliti.
- Að öðlast skilning á því innra eftirliti sem skiptir máli fyrir staðfestingarvinnuna til að hanna aðgerðir sem eru viðeigandi miðað við aðstæður, en ekki í þeim tilgangi að láta ljós álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Staðfestingarskýrsla óháðs endurskoðanda, frh.:

Óhæði og gæðastýring

Við erum óháð Lánasjóði sveitarfélaga í samræmi við viðeigandi lög og siðareglur endurskoðanda.

Við fylgjum alþjóðlegum staðli um gæðastjórnun, ISQC1 og viðhöldum í samræmi við það alhliða kerfi gæðaeftirlits, þar með talið skjalfestar stefnur og verklagsreglur varðandi fylgni við siðferðisleg gildi, alþjóðlega staðla og aðrar viðeigandi kröfur laga og reglugerða.

Önnur atriði

Staðfestingarvinna okkar felur ekki í sér vissu um aðrar upplýsingar í framvinduskýrslu grænna skuldabréfa en þær sem að ofan greinir og eru á bls. 3 - 6. Ályktun okkar nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær á ekki á neinn hátt.

Ábyrgð stjórnenda LS

Stjórnendur LS bera ábyrgð á framsetningu upplýsinga um útgáfu skuldabréfs og ráðstöfun þess til grænna verkefna á árinu 2021 í framvinduskýrslu grænna skuldabréfa í samræmi við græna umgjörð LS sem birt er á heimasíðu sjóðsins, og einnig skilgreiningu fyrirhugaðra notenda og viðeigandi viðmiða sem liggja til grundvallar. Ennfremur bera stjórnendur ábyrgð á því að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar framsetningu, útreikninga og mat á upplýsingum um útgáfu skuldabréfs og ráðstöfun þess til grænna verkefna þannig að framsetning upplýsinga um útgáfu skuldabréfs og ráðstöfum þess til grænna verkefna sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar snýr að því að skipuleggja og framkvæma staðfestingarvinnu þannig að nægjanleg víska fáist um að framsetning upplýsinga í framvinduskýrslu grænna skuldabréfa um útgáfu skuldabréfs og ráðstöfun þess til grænna verkefna á árinu 2021 eins og lýst er á bls. 3 - 6, sé án verulegra annmarka til að byggja ályktun okkar á.

Ályktun okkar miðar að því að veita takmarkaða vissu. Aðgerðirnar sem framkvæmdar voru í þessu samhengi fólust fyrst og fremst í fyrirspurnum til stjórnenda og starfsmanna félagsins og mati á áreiðanleika upplýsinga sem liggja til grundvallar framsetningu upplýsinga um útgáfu skuldabréfs og ráðstöfun þess til grænna verkefna eins og lýst er á bls. 3 - 6 í framvinduskýrslu grænna skuldabréfa. Takmörkuð víska veitir ekki eins mikla vissu líkt og fæst af staðfestingarverkefnum þar sem aflað er hæfilegrar vissu.

Skekkjur geta ýmist verið vegna mistaka eða sviksemi. Þær eru taldar verulega ef, bæði að hluta og í heild, þær eru taldar hafa áhrif á ákvarðanatöku notenda skýrslunnar byggt á framsetningu upplýsinga um útgáfu skuldabréfs og ráðstöfun þess til grænna verkefna eins og lýst er á bls. 3 - 6. í framvinduskýrslu grænna skuldabréfa. Mikilvægismörk hafa áhrif á eðli, tímasetningu og umfang staðfestingarvinnunnar og mat á áhrifum óleiðrétta mismuna á ályktun okkar.

Reykjavík, 15. júní 2022

KPMG ehf.

Harfnildur Helgadóttir